

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2002

frá 8. nóvember 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2001 frá 28. september 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/159/EB frá 18. febrúar 2002 um staðlað snið fyrir gerð yfirlits yfir innlend gögn um gæði eldsneytis ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„6b. **32002 D 0159:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/159/EB frá 18. febrúar 2002 um staðlað snið fyrir gerð yfirlits yfir innlend gögn um gæði eldsneytis (Stjtið. EB L 53, 23.2.2002, bls. 30).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2002/159/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 53, 23.2.2002, bls. 30.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.